

# Fermingarblað Vífls

1. tölublað

24. árgangur

2002



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2002  
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ  
Skátastarf í Garðabæ - 35 ára afmæli Vífls  
Útilífs- og ævintýranámskeið Vífls í 14. sinn

# Það er leikur að fermast á vaxtalinan.is

- Taktu þátt í spennandi fermingarleik á vaxtalinan.is
- Ef þú átt debetkortareikning Vaxtalinunnar getur þú unnið 2.000 kr. inn á reikninginn
- Leikurinn hefst 15. mars og stendur til 30. apríl
- Allir sem verða 14 ára á árinu geta tekið þátt



#### ■ Fullvaxið debetkort

Debetkort fyrir 12 ára og eldri sem hægt er að nota í hraðbónkum og greiða með hvar sem er.

#### ■ Nýttu Netið

Þú getur fylgst með fjármálum þínum, millifært og greitt inn á Talfrelsi og Frelsi frá Símanum í Heimilisbankanum á vaxtalinan.is.

#### ■ Góð ávöxtun

Þú færð góða ávöxtun á fermingarpeningana þína hjá Búnaðarbankanum. Bústólpi og Kostabók báru hæstu ávöxtun sambærilegra reikninga á síðasta ári. Hafðu samband og við hjálpum þér að velja rétta ávöxtunarleik.



[www.vaxtalinan.is](http://www.vaxtalinan.is)

# Kæru Garðbæingar

## Nú er stórafmæli, Landsmót o.fl.

Nú í ár kemur Fermingarblaðið í öll hús í Garðabæ í tuttugasta og fjórða skipti. Blaðið er fyrir löngu farið að skípa sér í röð elstu blaða sem gefin eru út í bænum.

Sem fyrr eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju og Vídalinskirkju og einnig þeir Garðbæingar sem fermast í Bessastaðakirkju. Listarnir eru þeir eins og þeir lágu fyrir er blaðið fór í prentun og hugsanlega hafa orðið einhverjar breytingar frá þeim tíma.

Með Fermingarblaðinu viljum við kynna okkar árlegu skátaskeytasölu sem verður þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vídalinskirkju. Einnig eru í blaðinu fréttir og myndir úr starfi félagsins síðastliðið ár ásamt eldri myndum í tilefni 35 ára afmæli félagsins.

### Styrkið skátastarfið í bænum.

Við hvetjum nú bæjarbúa til að senda fermingarbörnum skátaskeyti, hvort sem

þeir eru nágrannar eða ættingjar og styrkja styðjið þið við öflugt æskulýsstarf í bænum. Einnig bendum við á að skeyti til foreldra fermingarbarna verða sífellt vinsælli.

### Margt framundan

Sumardagurinn fyrsti verður haldinn hátíðlegur í Garðabæ með Vífill í broddi fylkingar og vonumst við til að sjá ykkur sem flest 18. apríl næstkomandi.

Þá verða liðin 35 ár frá stofnun félagsins eins og áður sagði, en félagið var stofnað 20. apríl árið 1967.

Vífill og Hjálparsveitin eru í undirbúningsvinnu vegna nýrrar sameiginlegrar skátamiðstöðvar sem reisa á við Bæjarbrautina.

Í sumar verða fjöldamörg skátamót og er ætlunin að fjölmenna á þau nokkur. Langstærst að sjálfsögðu verður Landsmót skáta sem haldið verður í júlí að Hömrum við Akureyri, en þangað fara 40 skátar úr Vífill.



### Sumarnámskeiðin vinsælu

Auðvitað kynnum við svo okkar vinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið en þau verða haldin í sumar í fjórtánda sinn.

Við hvetjum við alla foreldra til að skoða nánari kynningu á þeim hér aftur í blaðinu ásamt þeim dagsetningum sem þar sjást. Ekki er nú galin hugmynd að huga að því að panta því flest námskeiðin hafa bókast upp hratt.

### Bestu þakkir til auglýsenda.

Frá öllum skátum í Vífill viljum við senda bestu kveðjur og þakkir til þeirra fyrirtækja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega. Sum þessara fyrirtækja hafa styrkt okkur öll árin og viljum við nota tækifærið og þakka þeim fyrir ómetanlega aðstoð.

### Með skátakveðju,

Björn Hilmarsson,  
ritstjóri.



### Útgefandi:

Skátafélagið Vífill  
Hraunhólum 12.

### Ábyrgðarmaður:

Þór Ingólfsson

### Ritstjórn:

Björn Hilmarsson  
Hermann Sigurðsson  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Jónatan Smári Svavarsson  
Gunnur Ýr Gunnarsdóttir

### Myndir:

Í tilefni 35 ára afmælis eru birtar í blaðinu bæði nýjar og gamlar myndir úr myndasafni Vífills.

# Sumardagurinn fyrsti, 18. apríl

## Skátamessa, sumarskemmtun, tertur og þrautabraut!

### Afmælisdagur Vífils

Sterk hefð hefur myndast um hátíðahöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ og hafa þau verið í umsjá Skátafélagsins Vífils alla tíð.

Sumardagurinn er um leið afmælisdagur félagsins og er þetta sá þritugasti og fimmti.

### Skátamessa í Víðalinskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Víðalinskirkju laust fyrir klukkan 13 og hefst svo skátaguðspjónusta í kirkjunni strax á eftir. Við hvetjum alla Garðabæinga sem vettlingi geta valdið að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

### Skrúðganga að Hofstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fjótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14. Gengið verður frá Víðalinskirkju, niður Hofstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og sér Lúðrasveit Garðabæjar um göngutaktinn og hressan undirleik.

### Dagskrá við Hofstaðaskóla

Við Hofstaðaskóla mun Lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. þrautabraut, leiktæki, söngur og skemmtiatriði.

### Skátakaffi og afmælistökur


Hofstaðaskóli verður opinn og hið viðfræga skátatertuhlaðborð Vífils verður þar með sérstöku afmælistíði. Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og gefur það skátaforingjum félagsins dýrmæta reynslu að sjá um og skipuleggja svona dagskrá.

**Allir Garðabæingar velkomnir,  
eldri skátar fjölmennið!**

**Sumardagsnefnd Vífils.**





### Gjafabréf

Stofnun eða innlegg  
á Framtíðarreikning  
er tilvalin  
fermingargjöf

Framtíðarreikningur Íslandsbanka

# Fermingargjöf er framtíðarsjóður

Framtíðarreikningur er frábær fermingargjöf og ólík öðrum gjöfum að því leyti að hún vex með fermingarbarninu og tryggir því öruggan sjóð við 18 ára aldur.

- Hæstu vextir á innlánsreikningi
- Hámarksöryggi
- Verðtrygging
- Sveigjanleiki
- Laus til útborgunar við 18 ára aldur
- Engin lágmarksinnborgun
- Þú getur lagt inn reglulega eða þegar þér hentar
- Fallegar gjafaumbúðir

Íslandsbanki  
– þar sem gjafirnar vaxa!



# Vinnustofa Óla Jóns

Smíðagallerí

## Sérsmíði

Húsgögn  
Innréttingar

Skemmuvegi 40 (bleik gata), Kópavogi

Sími 567 4443

gsm 899 8464

Netfang: spita@isl.is



## Fermingarskreytingar

Fermingarkerti og servíettur  
Páskaskreytingar

Skreytingar við öll tækifæri

Hjá okkur starfar fagfólk!

## Garðablóm Garðatorgi

Sími: 565-6722

Opið til kl. 21 öll kvöld og til 22 um helgar.



## Góð íþrótt er gulli betri

### Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar.

Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðbæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða setja saman þína eigin æfingaáætlun.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur.

Úti eru svo gervigrasvöllur, malarvöllur og grasvöllur.

**Það er aldrei of seint að byrja.**

Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími 565-8066



Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar

# Hvað er að gerast hjá Vífli ?

## Stuttir fréttapunktur



### Nýr félagsforingi Vífils og stjórnarbreytingar

Á síðasta aðalfundi lét Guðmundur Guðmundsson af starfi félagsforingja og viljum við skátar í Vífli þakka honum fyrir frábær störf í þágu félagsins.

Guðmundur er þó langt í frá hættur því við fáum að njóta krafta hans í Eigna- og umsýslunefnd Vífils.

Nýr félagsforingi heitir Jónatan Smári Svavarsson og þjóðum við hann velkominn til starfa. Jónatan var skáti í Vífli á árum áður og þekkir því vel til umgjörðar félagsins.

Á þessum aðalfundi lét Hermann Sigurðsson af embætti aðstoðarfélagsforingja en hann verður við nám í Bifröst í vetur. Ingibjörg Guðmundsdóttir tekur við starfi hans en hún hefur áður verið aðstoðarfélagsforingi Vífils.

Inn í stjórn kom einnig Hrafnhildur Sigurðardóttir sem hefur verið starfandi í Vífli í áratugi.

### Þrettándabrenna brann loks

Hin árlega þrettándabrenna var haldin í nágrenni Vífilsbúðar. Illa gekk að kveikja í brennunni eftir úrhellisrígningar



dagana á undan. Samt var nú sungið hraustlega við gítarspil og öfluga söngstjórn dróttskáta og komu margir gestir frá öðrum bæjarfélögum, en flestum brennum nágrennasveitarfélaga var frestað sökum veðurs. Hjálparveitin í Garðabæ sá um flugeldasýningu og síðan bauð Vífill upp á kakó og kex á pallinum við skátaskálann Vífilsbúð.

Auðvitað hélt það í hendur að þegar gestir voru að fara, þá skíðlogaði brennan loks.

### Friðarljósið frá Betlehem

Nú rétt fyrir jólin kom með skipi til landsins logandi kyndill. Þetta var nú dálítið sérstakur logi, því hann kom frá Betlehem og var kveikt á honum í fæðingarkirkju Krists. Fimmtán ár eru síðan skátar í Austurríki byrjuðu á þessum skemmtilega sið og nú fór þetta friðarljós um flest lönd heimsins.

Bar skátahreyfingin á Íslandi hitann og þungann af móttöku og dreifingu ljóssins um landið. Margir tóku við loga af þessum kyndli og fór hann víða og meðal annars til Garðabæjar þar sem skátar sáu um að halda honum lífandi yfir hátíðirnar.

### Vífill til Tælands næstu áramót.

Nú er ljóst að Vífill mun eiga þátttakendur á næsta alheimsmóti skáta eða Jamboree eins og þau eru kölluð. Þessi alheimsmót eru haldin á fjögurra ára fresti og þá í hvert sinni í annari heimsálfu en síðast. Þarna munu um 30.000 skátar vera frá öllum löndum heims og nú þegar er ljóst að stór hópur fer frá Íslandi. Mótið verður haldið um næstu áramót og nú þegar hafa fjórir skátar úr Vífli skráð sig bæði sem þátttakendur og einnig í starfsmannabúðir.



### Skátastarf á Íslandi í 90 ár

Það eru ekki bara skátar í Garðabæ sem eiga afmæli heldur er einnig 90 ára afmælisár skátastarfs á Íslandi. Það var 2. nóvember fyrir 90 árum síðan sem fyrstu skátafundirnir voru haldnir og

er ætlunin að minnst þess með viðamikilli hátíð í Laugardalshöllinni þann 2. nóvember næst komandi.

Auðvitað fjölmenna skátar úr Vífli þangað. Á næsta ári verður svo 100 ára afmæli skátahreyfingarinn á heimsvísu en þá verður liðin ein öld frá því að Baden Powell fór með nokkra drengi í fyrstu skátatúleguna.



### Vífilsbúð mikið notuð

Skátaskáli Vífils er mikið notaður af skátum félagsins og einnig er skálinn vinsæll af skátafélögum í nágrennabyggðum. Umhverfi skálans er frábært til hvers kyns útlivstar og er t.d. vinsælt að fara í gönguferðir um Heiðmörkina eða jafnvel alla leið upp á Helgafell.



## Stjórn Vífils skipa nú

### Félagsforingi

Jónatan Smári Svavarsson

### Aðstoðar félagsforingi

Ingibjörg Guðmundsdóttir

### Ritari

Haukur Þór Haraldsson

### Gjaldkeri

Björn Hilmarsson

### Meðstjórnendur

Björn Hermannsson

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Runólfur Birgir Leifsson

# Að vera flokksforingi í Vífli

## Skemmtileg reynsla fyrir alla sem prófa

### Starfið sem flokksforingi

Ég heiti Gunnur Líf og er flokksforingi í stelpnasveitinni Forynjum yfir flokknum Vampírum. Ég ætla að segja smá frá starfinu í vetur, sem hefur gengið frábærlega vel.

Við höfum nú hist á fundum vikulega í allan vetur og gert mart skemmtilegt eins og að búa til trölladeig, einnig héldum við kvöldvöku fyrir foreldra, þjuggum til gifsgrímur og gert verkefnið Búkolla, sem er verkefni fyrir Landsmót en það er stórt skátamót sem haldið verður í sumar á Akureyri.

### Gengið upp í Vífilsbúð

Núna fyrir stuttu fór ég og flokkurinn í flokksútilegu í Vífilsbúð þann 1-3 mars, síðastliðinn og varð það geggjað stuð enda var labbað upp eftir (ekta skátar). Þar fengu stelpurnar að upplifa mikið sem þær höfðu ekki gert áður, þar á meðal fóru þær í kappát með kókosbollur og kók, sardínur og ananas. Einnig var glamrað og spilað á gítar alla helgina og fengu nokkrar að læra litlu andarunganaá gítarinn.

### Mikið fjör í alla helgina

Á laugardags kvöldið þá var prinsessuveisla og sýndi flokksforinginn listir sínar í eldamensku og grillaðir voru hamborgarar.

Seinna sama kvöld komu nokkrir gestir í heimsókn þar á meðal einn hundur sem allir höfðu gaman af, þá var haldin



kvöldvaka og sungið og trallað langt fram á kvöld en þá voru allir orðnir svo þreyttir að það var farið að sofa og hrutum við allar í kór.

Sunnudagsmorgun var tekið til og málað á gifsgrímur og hendur, svo var haldið heim á leið í bilum.

Ég er mjög ánægð með starfið og vona að það muni ganga eins vel og það hefur gert í vetur.

*Kveðja frá flokksforingja  
Gunnur Líf Gunnarsdóttir*



# Fþlús

borgar sig

Eitt símtal 560 5000...

Yfir 23 þúsund íslenskar fjölskyldur hafa valið F þlús viðtæku fjölskylduþrygginguna og nýtt sér kosti hennar. Hringdu og fáðu nánari upplýsingar í síma 560 5000 eða á heimsíðu okkar, [www.vifill.is](http://www.vifill.is).

\* Nánari upplýsingar í skilmálem félagsins.

...og þú færð m.a.

- Viðtæka fjölskylduþryggingu
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Afslátt af öryggisvörum
- Viðtæka ferðatryggingu
- Aðgang að ýmsum tilboðum
- og margt, margt fleira



## Vífill kominn á Internetið !

[www.vifill.is](http://www.vifill.is) geymir mikið magn upplýsinga



### Allir á netið

Mikil gróska er í skátastarfi Internetinu og eru flest skátafélög landsins nú óðum að koma sér upp heimasíðum og birta öll sín gögn þar. Vifill er engin undantekning og hefur nú opnað glæsilega heimasíðu þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar um starf félagsins, fréttir, dagskrá, félagatal, myndir úr starfinu og myndir frá Vífilsbúð. Á Ánleymdri kosningu vikunnar þar sem

kosið er um hin ólíklegustu málefni hverju sinni.

Einnig er sérstök fréttasiða sem segir frá helstu atburðum liðandi stundar. Nú t.d. eru þegar komnar á netið allar upplýsingar um Ævintýra- og útilifsnám-skeiðin sem haldin verða næsta sumar.

### Alfarið í höndum skáta

Öll uppsetning er í höndum skátanna sjálfra í félaginu en vefstjóri og aðalhönnuður er Jón Ingi Björnsson.

**Skátaskeytin á netinu í framtíðinni**  
Á næsta ári stefnum við í það að hægt verði að panta skátaskeyti á vefnum og einnig að hægt verði að ganga frá greiðslunni þar. Þetta þýðir að á næsta ári getur þú sent skeytið hvaða tíma sólarhringsins og jafnvel viku áður en fermingin verður.

### Einnig [www.scout.is](http://www.scout.is)

Bandalag íslenskra skáta hefur geysiöflugt vefsvæði, þar sem hægt er að nálgast allt um skátastarf á Íslandi í dag.

Allar upplýsingar fyrir Landsmót er hægt að fá þar og er netið m.a. ein ástæðan fyrir því hversu margir erlendir þátttakendur koma erlendis frá, en þeir ásamt íslenskum skátum hafa verið að fá upplýsingar um Landsmótið í meira en heilt ár á vefnum.

Kíktu á þessar síður, þú finnur ýmislegt þarna !



# Skátastarf í Garðabæ í 35 ár

## Skátafélagið Vífill stofnað á sumardaginn fyrsta 1967

### Útibú frá Hafnarfirði

Um miðjan vetur 1967 spurði Vilbergur Júlíusson Ágúst Þorsteinsson hvort hann vildi verða félagsforingi skátanna í Garðabæ. Skátaflokkurinn Prestir hafði verið starfandi sem útibú frá Hraunbyrgi skátaheimili Hraunbúa í Hafnarfirði og höfðu haft aðstoðu í barnaskólanum og einnig í Goðatúni 2.

Með þeim voru Sigurgeir Óskarsson og Guðrún Unnur Sigurðardóttir og störfuðu þau bæði áfram eftir formlega eftir að félagið var stofnað sumardaginn fyrsta árið 1967.

### Fyrsta stjórnin

Stjórn félagsins skipuðu Ágúst Þorsteinsson, Vilbergur Júlíusson, Helgi Már Eggertsson, Þórdís Norðdahl, Sigurgeir Óskarsson og Alda K. Helgadóttir. Helgi Bernharðsson var yfingaraforingi og starfaði einnig með stjórninni.

### Stofnfundurinn

Á stofnfundi félagsins 20. apríl 1967 sem haldinn var í barnaskólanum (Flataskóla) voru 150 skátar og er það ótrúlegur fjöldi í ekki stærra sveitarfélagi þá. Fundurinn hófst með helgistund sem séra Bragi Friðriksson sá um. Síðan lýsti Ágúst yfir stofnun félagsins og vigði inn í félagið nýliða. Vilbergur las úr Landnámu en þaðan er nafn félagsins "VÍFILL" komið. Margir tóku til máls og endaði svo fundurinn með fjörugum varðeldi.



### Félagið kaupir Hraunhóla 12

Eftir að hafa starfað í Goðatúni 2 í nokkur ár, festi félagið kaup á núverandi félagsheimili, Vífilsfelli, að Hraunhólum 12 árið 1970. Tókst það fyrir tilstilli margra góðra aðila og voru kaupin fjármöggnuð með aðstoð bæjarins (hreppsins) auk þess sem tekið var langtímalán sem skátarnir greiddu sjálfir afborganir með innkomu af jóla-kortasölu og skátaskeytasölu ásamt mörgum fleirum fjáröflunum til margra ára.

### Mikið vatn runnið til sjávar síðan

Nú eftir þrjátíu og fimm ára starfsferil félagsins er kannski snjallt að líta um öxl og rifja upp, - ekki kannski allt sem gert var heldur frekar hverjir voru að starfa og má t.d. nefna að Vífill tók upp þann

ágæta síð árið 1984 að veita Gullmerki Vífils fyrir vel unnin störf. Þetta eru merki sem veitt eru fyrir frábært framlag í þágu Vífils og skátastarfs í Garðabæ. Nú er svo komið að hópurinn, sem fer stækkandi eftir því sem aldur félagsins hækkar, er kallaður gullflokkurinn.

### Gullmerkishafar Vífils

Hér eru taldir upp þeir skátar sem stjórn Vífils hverju sinni hefur veitt Gullmerki Vífils:

María Helga Hjálmarsdóttir	1984
Ágúst Þorsteinsson	1984
Sigurjón Vilhjálmsson	1985
Kristján Friðsteinsson	1986
Þór Ingólfsson	1987
Bragi Friðriksson	1987
Björn Hilmarsson	1992
Karl Rúnar Þórsson	1997
Pétur Sigurðsson	1997
Unnur Sigurðardóttir	1997
Helgi Grímsson	2001
Hrafnhildur Odd Sturludóttir	2001
Ingibjörg Gumundsdóttir	2001

### Heiðursfélagar Vífils

Þrjú aðilar hafa að auki verið útnefndir heiðursfélagar Vífils og eru það þeir Sigurjón Vilhjálmsson, Ágúst Þorsteinsson og séra Bragi Friðriksson. Ekki verður metið til fjár þeirra framlag til skátastarfs í Garðabæ.

### Frábærir skátar á hverju ári

Þótt hér sé rifjað upp nöfn á aðilum sem hafa verið eða voru í framlínu félagsins þá má ekki gleyma því að á hverju ári hefur verið og er enn skátastarf í Garðabæ í miklum blóma og mikill fjöldi aðila sem stýrir starfinu hverju sinni sem flokksforingjar, sveitarforingjar, drótt-skátaforingjar eða félagsforingjar að ónefndum öllum þeim hafa setið í stjórn félagsins eða sem koma til hjálpar við framkvæmd einstakra verkefna.

Það er með ólíkindum hvað við fáum út háa tölu ef við tynum saman alla þá daga sem þessir aðilar hafa lagt af mörkum fyrir Vífill og verður þeim aldrei fullþakkað fyrir framlag sitt.



# Grundvöllur framtíðar

## Hugleiðing til fermingarbarna

### Kæru fermingarbörn!

Með fermingardeginum ykkar rennur upp mikill merkisdagur í lífi ykkar sem þið munuð vonandi minnst með gleði allt ykkar líf. Það hefur verið einkar ánægjulegt að starfa með ykkur og þar sem þið hafið staðið ykkur vel, getið þið með fullri sæmnd verið upplitsdjörf og glöð á þessum degi.

Með fermingarstarfinu og öllu því sem fylgir þessum áfanga er lagður ákveðinn grunnur í lífi ykkar, bæði andlegur og veraldlegur.

Andlegi grunnurinn er fölginn í því að þið hafið gert það upp við ykkur að þið viljið leitast við að fylgja Jesú Kristi og gera hann að leiðtoga lífs ykkar. Hann hefur reynst öllum góður til samfylgdar í lífinu og ég get ekki óskað ykkur neins frekar í lífinu en að leggja traust ykkar á hann.


Þá vitið þið einnig að kirkjan stendur ykkur ætíð opin og við, prestarnir ykkar, erum ætíð reiðubúnir til að endurnýja

vináttusambönd þau sem bundist hafa í fermingarstarfinu. Jesús er einnig nálægur með sérstökum hætti í hverri guðsþjónustu og öllum er ykkur það ljóst eftir starfið í vetur hversu fjölbreytilegar þær eru.

### Grunnur að framtíð

Með fallegum og nýtilegum fermingargjöfum, sem þið munuð væntanlega öll fá, er lagður mikilvægur grunnur að framtíðarheimili ykkar og margur unglingurinn hefur að fermingu lokinni öðlast skilning á mikilvægi þess að ráðstafa fjármunum sínum til heillavænlegra verkefna í framtíðinni.

Þröskuldur fullorðinsáranna er nú framundan. Þótt unglingsárin reynist mörgum stormasóm, þá vona ég að ykkur auðnist að komast yfir þann þröskuld sem þau eru án þess að hrasa og að þið verðið öll nýtir þjóðfélagsþegnar sem hafa góð áhrif á kirkju framtíðarinnar.



Ég vil nota þetta tækifæri, kæru fermingarbörn, til að óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar til hamingju með ferminguna, sem ætíð verður merkur áfangi á lífsleiðinni, og þakka ykkur af heilum huga ánægjuleg kynni og gott samstarf.

*Sr. Friðrik J. Hjartar*

## Myndir úr starfi Vífils



# Myndir úr starfi Vífils




# Skátaskeytin eru falleg sending




1. Bessastaðsluggi



2. Varðeldur



3. Frá Úlfjótavatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn



Umslag utan um skeytin.

Þetta eru þær skátaskeytategundir sem eru í boði.

Munið að einnig er hægt að panta skrautrituð skeyti.

Tekið er á móti pöntunum í Skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að Hraunhólum 12 í Garðabæ.

Athugið að móttaka skeytapantana er **opin milli klukkan 11 og 17**. Ef pantað er símleiðis, **verður** að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

**Verð á skeytunum er kr. 500.**

**Pantið skátaskeytin í sínum  
565-8989 og 565-8820.**

**Einnig er hægt að koma í  
Skátaheimilið Vífilsfell að Hraunhólum 12.**

# Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast

## Vidalinskirkja á pálmásunnudag, 24. mars kl. 10.30

101	Ari Guðjónsson	Þrastarlundur 2
102	Arna Margrét Johnson	Fífumýri 15
103	Arnór Guðmundsson	Amarás 5
104	Aron Andri Magnússon	Bæjargil 105
105	Ástþór Smári Eyjólfsson	Brekkubyggð 79
106	Bíma Rún Baldursdóttir	Dalsbyggð 8
107	Daði Helgason	Langamýri 26
108	Ester Viktorsdóttir	Þrastarlundur 14
109	Eva Zophaniasdóttir	Birkihæð 11
110	Gretar Atli Gretarsson	Eskiholt 9
111	Guðni Þorsteinn Guðjónsson	Bæjargil 106
112	Halldór Freyr Sveinbjörnsson	Blásalir 7,Kóp
113	Harpa Hrund Jóhannsdóttir	Skógarhæð 7
114	Hera Guðmundsdóttir	Steinás 7
115	Hulda Björk Jónsdóttir	Ásbúð 54
116	Jón Benjamín Sverrisson	Ægisgrund 13
117	Jón Gunnar Ragnarsson	Langamýri 55
118	Karen Björk Hafsteinsdóttir	Ógurás 5
119	Kjartan Ólafsson	Hæðarbyggð 10
120	Nanna Bryndís Snorraddóttir	Brekkubyggð 54
121	Skúli Hansen	Lindarflöt 46
122	Tómas Björn Guðmundsson	Brekkubyggð 32
123	Tómas Oddur Eiríksson	Lindarflöt 41
124	Viktor Hrafn Hólmeirsson	Sjávangrund 3A

## Vidalinskirkja á pálmásunnudag, 24. mars kl. 13.30

125	Anna Kristín Vilbergisdóttir	Holtási 6
126	Benedikt Benediktsson	USA.
127	Bíma Magnea Bogadóttir	Breiðás 1
128	Bíma Rut Viðarsdóttir	Ljósamýri 1
129	Gunnur Hulda Stefánsdóttir	Bæjargil 44
130	Heiðdís Rós Reynisdóttir	Borgarás 10
131	Íris Dögg Vignisdóttir	Ásbúð 13
132	Jakob Cecil Hafsteinsson	Langafit 7
133	Katrín Björk Sigurðardóttir	Hlíðarbyggð 12
134	Kristín Samúelsdóttir	Dalsbyggð 11
135	Magnús Stefánsson	Langafit 34
136	Pétur Óli Agnarsson	Sunnufliöt 5
137	Rósa Líf Christiansen	Blikanes 7
138	Rögnvaldur Andri Halldórsson	Bæjargil 15
139	Sigrún Ósk Jóhannsdóttir	Einilundur 5
140	Sigurbjörn Ingi Ingólfsson	Hæðarbyggð 27
141	Sigurbjörn Kristjánsson	Lindarflöt 5
142	Steinunn Sigurðardóttir	Sunnufliöt 22
143	Sveinn Ævar Sveinsson	Nónhæð 4
144	Thelma Guðmundsdóttir	Bæjargil 56

## Vidalinskirkja 7. apríl kl. 10:30

201	Alexandra Einarsdóttir	Mávanes 10
202	Atli Þór Jóhannsson	Birkiás 36
203	Árni Freyr Bjarnason	Goðatún 6a
204	Bergdís Ýr Sigurðardóttir	Krókamýri 70
205	Berglind Bjarnadóttir	Birkiás 19
206	Birgir Páll Gylfason	Langamýri 17
207	Birta Hjartardóttir	Goðatún 24
208	Daniel Órn Magnússon	Nónhæð 2
209	Hilmar Birgir Haraldsson	Hlíðarbyggð 44
210	Hlynur Torfi Traustason	Ásbúð 25
211	Inga Hrönn Ólafsdóttir	Dalsbyggð 18
212	Jón Viðar Jónsson	Fagrahæð 2
213	Leifur Grétarsson	Langamýri 19
214	Linda Óskarsdóttir	Hella v/Marargrund
215	Ólöf Sigríður Jóhannsdóttir	Markarflöt 35
216	Ólöf Sunna Magnúsdóttir	Krókamýri 80
217	Rakel Björk Pétursdóttir	Garðafliöt 1
218	Rebekka G. Blöndal	Nónhæð 3
219	Róbert Hjaltason	Krókamýri 2
220	Stefanía Harðardóttir	Krókamýri 80
221	Sævar Laxdal	Ásbúð 80
222	Úlfar Bjarki Stefánsson	Ásbúð 76
223	Þórir Snær Steinarsson	Lækjarfit 7
224	Þórmarr Árnason	Dalsbyggð 2
225	Þuríður Björg Guðnadóttir	Ásbúð 83

## Bessastaðakirkja 7. apríl kl. 13.30

230	Ragnheiður Steina Róbertsdóttir	Melhæð 6
231	Stefanía Kristjánsdóttir	Óttuhæð 5

## Vidalinskirkja 14. apríl kl. 10:30

301	Arnar Georgsson	Blómahæð 12
302	Davíð Þór Gíslason	Bæjargil 100
303	Elisabet Aagot Árnadóttir	Sigurhæð 3
304	Ellert Sigurþórsson	Bæjargil 9
305	Erlingur Einarsson	Hrísmóar 7
306	Gunnar Kolbeinn Kristinsson	Lækjarfit 8
307	Hannes Guðmundsson	Krókamýri 46
308	Henny Hrund Guðmundsdóttir	Melás 5
309	Hrefna Erna Ólafsdóttir	Hörgatún 15
310	Hugi Hilmisson	Tjaldanes 15
311	Högná Hringisdóttir	Hlíðarbyggð 26
312	Kristín Alma Sigmarsdóttir	Ægisgrund 4
313	Marta Guðrún Blöndal	Rjúpnahæð 3
314	Mikael Árni B. Þorsteinsson	Eskiholt 6
315	Ólína Kristjana Arnfjörð Kristjánsd.	Þrastarnes 22
316	Sigurjón Halþórsson	Kjarrmóar 2
317	Unnur Ása Bjarnadóttir	Holtsbúð 75

**Pantið skátaskeytin í sínum 565-8989 & 565-8820  
eða komið í Skátaheimilið að Hraunhólum 12**

**Garða-, Vídalíns- og Bessastaðakirkju 2002**

Prestar verða séra Hans Markús Hafsteinsson og séra Fríðrik J. Hjartar.

**Vídalínskirkja 21. apríl kl. 10:30**

401	Amar Geir Magnússon	Markarflöt 53
402	Atli Steinn Stefánsson	Hólmgarður 11,Rvk
403	Árni Guðjónsson	Vattarás 2
404	Ásta Pétursdóttir	Gígjulundur 5
405	Birta Kristín Helgadóttir	Einilundur 8
406	Guðjón Henning Hilmarsson	Krókamýri 34
407	Haukur Guðmundsson	Háholt 2
408	Helga Karlsdóttir	Ásbúð 10
409	Inga Rós Höskuldsdóttir	Holtsbúð 51
410	Inga Rós Reynisdóttir	Holtsbúð 93
411	Víktor Örn Björnsson	Markarflöt 53
412	Vilhjálmur Ásgeirsson	Hrísmóar 4
413	Þóra Björg Ásgeirsdóttir	Langamýri 20

**Bessastaðakirkja 21. apríl kl. 13:30**

414	Gróa Sif Jöelsdóttir	Hrísmóar 2 B
415	Ólafur Þór Sigurðsson	Nónhæð 2
416	Sunna Björg Einarisdóttir	Mávanes 18

**Garðakirkja 28. apríl kl. 10:30**

501	Arnór Gunnarsson	Urðarhæð 1
502	Atli Jóhannesson	Asparlund 3
503	Björg Halldórsdóttir	Brekkubyggð 48
504	Daniel Örn Einarsson	Garðafliot 23
505	Geir Bjarnason	Háholt 7
506	Gunnar Örn Heiðdal	Sjávargrund 2b

507	Halldóra Miyoko Magnúsdóttir	Tjarnarflöt 7
508	Hjörtur Smári Vestfjörð	Engimýri 10
509	Rakel Vilhjálmsdóttir	Háhæð 8
510	Rögnvaldur Már Helgason	Ásbúð 16
511	Sigurlaug Helga Birgisdóttir	Garðavegur 9, Hf.
512	Soffía Rún Kristjánsdóttir	Löngumýri 41
513	Sveinn Orri Simonarson	Hörgslundur 6
514	Sævar Þór Sævarsson	Bæjargil 41
515	Tinna Rut Pétursdóttir	Blómahæð 10
516	Þorsteinn Júlíus Árnason	Brekkubyggð 4

**Garðakirkja 28. apríl kl. 13:30**

517	Andrea Björnsdóttir	Ásbúð 56
518	Ásta Bjarnadóttir	Smáraflöt 7
519	Benedikt Steinar Benediktsson	Bæjargil 26
520	Birgitta Ásbjörnsdóttir	Langamýri 59
521	Edda Sif Pálsdóttir	Sunnufliot 14
522	Elisabet Anna Sigurðardóttir	Hagaflöt 3
523	Guðlaug Ösp Hafsteinsdóttir	Krókamýri 38
524	Helena Björnsdóttir	Ásbúð 56
525	Helga Sif Grétarsdóttir	Amarás 6
526	Katrín Hjaltadóttir	Bæjargil 101
527	Loftur Hreinsson	Sunnufliot 15
528	Sonja Hrund Ágústsdóttir	Einilundur 4
529	Sólveig Björk Ingimarsdóttir	Holtsbúð 41
530	Unnur Sif Antonsdóttir	Bæjargil 66
531	Victor Ingi Olsen	Sunnufliot 45

**Munið að hafa tilbúið kreditkortíð þegar þið hringið til okkar til að gefa okkur upp kortanúmerið og gildistímann á því.**

**Þegar skátaskeyti er pantað er einfaldast að gefa upp raðnúmerið sem er við nafnið. Það flýttir fyrir afgreiðslu hjá okkur.**

**Athugið breyttan opnunartíma.**

**Afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 11 og 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytum út eins fljótt og auðið er.**

**Munið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vídalínskirkju.**

**Garðbæingar - Þökkum veittan stuðning**

# Vinsælu Útilífs- og ævintýranámskeiðin

## Spennandi möguleiki fyrir hressa krakka í júní og júlí !



Útilífs- og ævintýranámskeið Vifils eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vifill hefur starfrækt síðustu þrettán sumur.

### Mikil og góð dagskrá

Við leggjum metnað okkar í það að sinna einstaklingunum og er dagskráin byggð upp á reynslu undanfarinna ára. Þátttakendum er skipt upp í flokka eftir aldri og starfa flokkarnir saman allt námskeiðið.

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins ásamt hellaferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og kynnisferðum og mörgu fleira.

### Hápunkturinn er útilegan

Hápunktur hvers námskeiðs er tjaldútilega í Heiðmörk og er þá verið í nágrenni skátaskálans okkar Vífilsbúðar. Í útilegunni verður grillað, haldin kvöldvaka og farið í póstaleiki. Í stuttu máli er gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum, enda er útilíf og útilegur sérgrein okkar skátanna.

### Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum

skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátastarf að baki. Þau eru þaukunnug útilífi og stjórnun í skátastarfi og eru snillingar að vinna með ungum Garðbæingum.

### Hvenær eru námskeiðin

Við erum búin að breyta uppsetningu námskeiðanna og verður hvert þeirra í nú viku í senn.

Dagsetningar námskeiða fyrir næsta sumar verða eins og hér segir.

- 03. - 07. júní fyrir 7 - 11 ára
- 10. - 14. júní fyrir 7 - 11 ára
- 18. - 21. júní fyrir 7 - 11 ára
- 24. - 28. júní fyrir 7 - 11 ára
- 01. - 05. júlí fyrir 7 - 11 ára
- 08. - 12. júlí fyrir 7 - 11 ára

Vegna Landsmóts skáta verða ekki námskeið frá 15- 26 júlí.

Sérstakar þriggja daga útilegur verða einnig á boðstólum og verða þær sem hér segir:

- 29. júlí - 02. ágúst fyrir 11-14 ára
- 06. - 09. ágúst fyrir 7-11 ára

Í endann á ágúst verður haldin lokahátíð og grillveisla í skátaheimilinu þar sem öllum þátttakendum af Útilífs- og ævintýranámskeiðinu er boðið. Nánar auglýst síðar.

### Verð fyrir námskeiðin ?

Vikunámskeiðin eru á kr. 5.500 en fyrir þau sem koma aftur næstu vikurnar, þá er gjaldið kr. 5.000. Systkinaafsláttur er 10%.



Sérstök "gæsla" er í boði frá 9-10 og frá 16-17 líkt og undanfarin ár. Athugið að hver dagur í gæslunni kostar 150 kr.

Hægt er að skrá strax í síma  
899-0089 og 565-8820

eða með því að senda tölvupóst á  
vifill@vifill.is

Allar nánari upplýsingar  
fást á vefnum okkar:  
www.vifill.is.



# Krydd og kaviár

Veitingaþjónusta

Engihjalli 8, 200 Kópavogur

Sími: 565-9933



# BITABÆR

Ásgarði Garðabæ Sími 565-8050

## Garðbæingar

Skátaskeytin eru  
skemmtileg gjöf



Sími: 565-8989 & 565-8820

## Forn-ný

Blóma- og gjafavörur  
Bólstrun  
Járnagallerý

lönbúð 1 Garðabæ  
S: 565-8060

## Þjóðarsýn - Heildar þjóðskrárlausn

Þjóðarsýn - skoða þjóðskrá og fyrirtækjaskrá

Skrá Aldgerð

Kennitalaleit      Nafnaleit      Heimilisfangaleit

Kennitala	Nafn	Heimá	Þvö	Sími
490991-1589	Ferli ehf Reykjavík	Hlíðasmára 8	201	✓
490992-2009	Víkurbraut 13 húsfélag	Víkurbraut 13	700	✓
490992-2279	Áttahagafélag Þórhafnar og nág	Sleithveg 3	103	
490992-2439	Hugræktifélag hugræktamanna		101	
490992-2789	Félagibúð Rauðanesi 3	Rauðanesi 3	311	
490992-2869	Voces Thules	Njálsgötu 75	101	
490993-2079	Ándisfélag íkermbátveigenda	Löngunni 24	700	
490993-2159	Óðeyri ehf	Barðstúni 7		
490993-2229	Húsfélagið Síðumúla 15	Síðumúla 15		
490993-2319	Nemendafélag Hótel/Veitingask	Súðalandibraut 2		
490993-2669	Íshákarl hf (Iceshark Ltd.)	Kalkubraut 40		
490993-2749	Guðmundur Skúlason ehf	Lækjafjalla 24		
490993-2829	Eskihúsið 12a húsfélag	Eskihúsið 12a		
490994-2039	Veisluþjálfari Íslands ehf	Skúlavogi 12c		
490994-2119	Unglingaráð handknattleik Grötu	Boðar		
490994-2389	Gaiku ehf	Boðar		
490994-2404	Háttuv 17-14 hótel			



# FERLI

Ferli ehf dreifir þjóðskrá og tengdum skráum og býður upp á daglegar, vikulegar eða mánaðarlegar uppfærslur á þeim. Þarf þitt fyrirtæki að sækja þjóðskrá?

Með Þjóðarsýn skoðar þú upplýsingar um einstaklinga og fyrirtæki og uppfærir skrárnar reglulega og algjörlega sjálfvirk

Ferli ehf. Hlíðasmára 8 S:544-5888 www.ferli.is ferli@ferli.is

# Dróttskátar Vífils - DS Fenris

## Öflugt lið unglinga sem gerir góða hluti !



### Frábærir DS-foringjar

Nýjir DS foringjar, Sigurður Tómas Þórisson og Hrafnhildur Sigurðardóttir, tóku við dróttskátasveitinni Hellisbúum í september og hefur starfið verið blómlegt og fjörugt í allan vetur.

### Samstarf við Svani á Álftanesinu

Sveitin var sameinuð dróttskátasveitinni í Svönum á Álftanesi og var henni um síðir gefið nafnið DS Fenris. Hugmyndir um að hleypa hálfdrættingum Vífils inn í dróttskátastarfið voru í gerjun fram eftir hausti og eftir áramótin var ákveðið að gera alvöru úr þeim hugmyndum. Sveitin telur því samtals 27 manns en mæting í dagskrá hefur verið upp og ofan eins og gengur.

### Og útilegurnar á færibandí..

Til að hrista hópinn saman hófst vetrarstarfið á að fjólmennt var upp í Þrymheim (betur þekktur sem Þrymur),

skála Landnema á Hellisheiði. Tókst sú útilega með miklum ágætum þrátt fyrir eilítla hnökra í eldamennsku okkar foringjanna. Lentum við þarna í fyrsta snjóhreti haustsins og var því vetrarstemning á okkur. Hluti hópsins fór í fjallgöngu á Skeggja og óðum við á stundum snjóinn upp í mitti og gerði óveðrið ferðina að heilmiklu ævintýri.

### Dróttskátamót í Þórsmörkinni

DS Fenris var með í ráðum um að skipuleggja dróttskátamót að Básum í Þórsmörk í lok október í samvinnu við DS Trail, DS Andrómedu, DS Ógrun og hjálparsevitimar fjórar sem tengjast þessum sveitum. Rúmlega 10 Víflar mættu og stóðu sig með þryði. DS foringjarnir ásamt Ingibjörgu stóðu í stórræðum við skipulagninguna ásamt fleirum. Mótið þótti takast með eindæmum vel þrátt fyrir nokkurn kulda á laugardeginum og vösbúð á sunnudeginum. Meðal verkefna á mótinu má nefna Isklifur, svifbrú yfir Krossá, bjargsig, klettaklifur, skyndihjálpar og fleira. Aðfaranótt sunnudagsins fór svo fram stór skyndihjálparæfing í Strákagili í svartapöku og snjókomu. Í Þórsmörk fengu skátarnir innsýn í hvað felst í starfi hjálparveita og hvers konar verkefni biða þeirra sem þangað fara í nýliðabjálfun. Einnig gaf þetta góða

hugmynd um þá miklu möguleika sem hin stórbrotna náttúra landsins býður þeim sem til hennar leita.

### Dróttskátar undibjuggu félagsútilegu

Í nóvember var hin árlega félagsútilega Vífils haldin á Úlfjótuvatni. Dróttskátar og hálfdrættingar héldu að mestu utan um dagskrá útilegunnar og gekk það mjög vel. Dagskráin snerist að hluta til um þjóðir í mannkynssögunni og var hverjum flokki í félaginu úthlutað ein menningarþjóð hins líóna tíma til að byggja sína þemavinnu á. Fjölbreyttan póstaleik, kvöldvöku og æsispennandi næturleik mætti nefna sem eftirminnilega viðburði þessa helgi. Í lok dagskrár aðfaranótt sunnudagsins var þeim sem að dagskránni komu boðið í sund í Ljósafosslaug en vegna viðgerða á henni tókst okkur aðeins að svitna hressilega í gufubaðinu að þessu sinni.

### Upp á heiði á ný

Í lok nóvember skelltum við svo okkur í aðra snilldarútilegu í Þrym og lentum þá aftur í hressilegu vetrarveðri. Við stofnuðum þá DS Fenris formlega og vígðum fyrstu skátana inn í hana við leynilega athöfn. Mikil stemmning og nokkrir góðir gestir létu sjá sig til að lifga upp á félagsskapinn.



## Vilt þú taka þátt í ylfinga- skáta eða dróttskátastarfi?

Hringdu þá í síma 565 8820 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum milli kl. 18 og 20.

**Lika jólaútilega**

Eftir rólega tíð í kringum próflotur skólanna tók þó nokkur fjöldi þátt í jólaútilegunni í Vífilsbúð og tókst hún með ágætum.

**Ótrúlega mikið framundan**

Þegar nýja árinu var náð var áætlunin fram að landsmóti kynnt og bar þar hæst undirbúning fyrir Íshæk (sem er fimm daga gönguskiðaferð á Norðurlandi í samvinnu við skátafélagið Klakk á Akureyri), opið DS mót í Skaftafelli um miðjan júní (en DS Fenris mun hafa veg og vanda af skipulagningu þess með aðstoð góðra skáta) og hina slivinsælu keppni, DS Gönguna, sem fer fram um helgina eftir páska.

Hópurinn á leið norður um páskana í Íshæk samanstendur af 8 meðlimum úr DS Fenris og 2 úr DS Plúto í Landnemum. Stefnir í hörkugóða ferð um hálendið norðan heiða því útlit er fyrir að um 15-20 dróttskátar mæti frá Klakki.

Verður þessi nýlunda í dróttskátastarfinu í Garðabæ vonandi til þess að góð tengsl myndist milli Vífils og skátafélaganna á landsbyggðinni.

Hið öfluga starf í vetur gefur bjartar vonir



um að Vífill muni mæta með kjarngóðan hóp dróttskáta á Landsmótið að Hömrum við Akureyri í sumar. Meira að segja þeir alhöfðustu ætla að hjóla norður Kjól þegar farið verður á Landsmótið.

Stefnum við DS foringjarnir á að halda áfram á sömu braut í starfinu þannig að tíminn í dróttskátunum verði til þess að opna skátunum nýjan heim fullan af möguleikum til útlivistar og félagsstarfs í skátaanda.

**Ertu 15 ára eða eldri ?****Viltu vera með ?**

Dróttskátastarfið, sem er ævintýralegt skátastarf fyrir 15 ára og eldri, er t.d. frábær undirbúningur fyrir starf í hjálparsekt. Ef þú hefur áhuga, kaktu þá út í skátaheimili að Hraunhólum 12 og vertu með!

Einnig er hægt að hringja og fá nánari upplýsingar í síma 565 8989.

# Vantar þig tjald eða kanó?

## Vífill leigir réttu græjurnar!



Skátafélagið Vífill á ýmsan búnað sem ekki er alla daga í notkun og reynum við að afla féluginu tekna með því að leigja hann út.

**Þarftu að tjalda yfir stóran hóp ?**

Það hefur verið vinsælt að leigja út stóru tjöldin ásamt borðum og bekkjum fyrir afmælisveislur. Við getum komið og tjaldað fyrir þig og séð um allan frágang. Einnig höfum við gastæki og stóra potta.

**Kvöldsigling á kanó**

Ef þú vilt vekja lukku með því að bjóða fólki í óvissuferð eða rómantíska kvöldsiglingu, þá á Vífill fjóra mjög góða kanóa sem hægt er að leigja.

Kanóarnir eru á keru og er lítið mál að flytja þá á milli staða. Meðfýgjandi þeim eru vesti og árar.

Allar nánari upplýsingar fást í skáta-

heimilinu í síma 565-8989 og einnig er hægt að nálgast verðdæmi á heimasíðu félagsins sem er [www.vifill.is](http://www.vifill.is).

Það er ekki vitlaust að huga að þessum hlutum með fyrirvara og hafa samband við okkur fljótlega vegna komandi sumars.

*Kveðja frá Eigna- og umsýslunefndinni*



# Landsmót skáta í sumar

## Skátar, álfar og tröll stefna að Hömrum í júlí í sumar



### Við förum á landsmóti!

Landsmót skáta eru haldin þriðja hvert ár og verður 24. landsmótið haldið í sumar dagana 18.- 23. júlí í útiífs- og umhverfismiðstöð Íslensku skáta-hreyfingarinnar að Hömrum við Akureyri. Mótið er fyrst og fremst fyrir hinn hefðbundna skátaaktur en eldri skátar, björgunarsveitafólk og fjölskyldur skátanna eru einnig velkomnar.

Allir skátar, stelpur og strákar, hversu stutt sem þeir hafa starfað og óreyndir sem þeir eru, hvar á landinu sem þeir búa, mæta og taka þátt í landsmóti - það er ekki spurning!

Vífil ætlar sér stóra hluti á þessu móti sem endranær og fara rúmlega 40 skátar úr Garðabænum norður.

### Allir taka þátt og eru virkir

Á landsmóti skáta eru engir varamannabekkir þar eru allir virkir og lífandi þátttakendur í ævintýrinu.

Landsmót er tvímælalaust einhver mesta upplifun sem skáti á kost á að taka þátt í. Landsmótið í ár verður eitt fjölmennasta landsmót sem skáta-hreyfingin hefur staðið fyrir því að Hömrum mun rísa óflugt bæjarfélag með 4000 - 5000 íbúum. Mótið stendur í viku tíma, frá þriðjudegi til þriðjudags.

Mótið mun ná hápunkti laugardaginn 20. júlí en þá verður sérstök hátíðardagskrá sem endar með glæsilegri kvöldvöku - nokkuð sem enginn ætli að láta fram hjá sér fara!

### Mörg hundruð erlendis gestir

Landsmót skáta eru ávallt með alþjóðlegu ívafi því erlendis skátar eru að jafnan fjölmennir og að þessu sinni munu nokkur hundruð erlendis gestir frá 30 þjóðlöndum taka þátt í móti, ýmist

sem almennir þátttakendur eða starfsmenn. Landsmót er því eftirsóknarvert fyrir íslenska skáta sem fá tækifæri til að upplifa í raun hið alþjóðlega samfélag sem skáta-hreyfingin er. Það er því ekki spurning að hver og einn starfandi skáti setur stefnuna á landsmótið nú í sumar!

### Allir velkomnir á landsmót skáta!

Á landsmóti eru starfræktar sérstakar tjaldbúðir þar sem fjölskyldur skátanna og vandamenn geta sett niður tjaldið sitt, tjaldvagna eða fellihýsi og tekið þátt í landsmótsævintýrinu. Fjölbreytt dagskrá er í boði í fjölskyldubúðum fyrir alla aldurs hópa og því ættu allir að finna sér eitthvað við sitt hæfi. Ekki þarf að tilkynna þátttöku í fjölskyldubúðum. Hægt er að dvelja í fjölskyldubúðum eins lengi og gestir óska þess.

### Dagskrá og daglegt líf

Dagskrá mótsins verður allit í sönn, fjölbreytt, vonduð, spennandi og gefandi. Hún krefst virkrar þátttöku skátanna og skapar skilyrði fyrir sköpunargleði þeirra. Yfir daginn starfa þátttakendur í sínum skátaflokkum við fjölbreytt viðfangsefni. Þessi viðfangsefni veita flokkarnir sér sjálfir úr sérstöku verkefnahefni sem gefið hefur verið út vegna mótsins. Hluti dagskrárinnar fer fram á mótsvæðinu sjálfu en að sjálfsögðu nýtum við fallega náttúru Hamra og umhverfis þess til margvíslegra ferða.

Á hverjum morgni er blásið til fótaferðar kl. 08:00. Þá drífa allir sig á fætur og sinna hefðbundnum morgunverkum og snæða morgunverð. Morgunmaturlinn er hefðbundinn og á enginn að þurfa að fara svangur frá borði. Að lokinni fánahyllingu halda skátaflokkarnir í



dagskrá sem hefst kl. 10:00. Hádegisverð snæða flokkarnir í tjaldbúðinni eða hafa með sér nesti ef þeir eru í ævintýraferð í nágrenni mótsvæðisins. Matargerð er yfirleitt sameiginleg og njóta skátarnir aðstoðar fullorðinna félaga sinna við framreiðslu á stærri máltíðum s.s. kvöldverði.

Flokkadagskrá lýkur kl. 17:00 og þá taka fjölþætt viðfangsefni við og af nógu er að taka. Auðvitað þarf að undirbúa kvöldverðinn sem er kraftmikill og seðjandi máltíð sem byggir á kjöti, fiski, pasta eða öðru því sem börn og unglingar þekkjá vel til. Þeir sem ekki þurfa að sinna undirbúningi kvöldverðar geta tekið þátt í fjölbreyttum dagskrártilboðum eða bara slappað af í tjaldbúðinni og skrifað eitt eða tvö kort heim. Oft þarf að sinna ýmsum verkefnum vegna undirbúnings kvölddagskrár s.s. að undirbúa skemmtiatriði eða söng en flest kvöldin enda með hinum einstöku skátavarðeldum.

Að loknu heitu kakói og kexi að skátasið er komið að kyrrðartíma en algjör kyrrð á að ríka í tjaldbúðinni frá kl. 23:00. Það bregst ekki að svefninn sigur fljótt á eftir viðburðaríkan dag. Gæsla er í tjaldbúðunum á nóttunni til að gæta þess að allir fái notið góðrar hvíldar.

### Skátar byggja nýja borg!

Myndarlegt bæjarfélag af þessari stærðargráðu býður íbúum sínum að sjálfsögðu upp á margvíslega þjónustu. Bankamálin verði í góðum höndum Landsbanka Íslands sem setja mun setja upp sérstakan Landsmóts-hraðbanka á staðnum þar sem þátttakendur geta tekið út fé. Því þarf





Kvöldvaka með 5000 skátum er eftirminnlegt ævintýri

enginn að vera með vasapeningana sína í vasanum allan mótstímann. Sérstakt pósthús mun verða rekið þar sem mótsgestir geta sent bréf heim og fengið á það sérgerðan póststimpil mótsins. Mótsblaðið mun koma út daglega meðan á mótinu stendur og flytja fréttir af mótinu og jafnframt mun verða sérstök útvarpsstöð á vegum mótsins sem mun útvarpa fréttum, tónlist og skemmtiefni. Heimasíðamótsins mun svo flytja daglegar fréttir og myndir af mótinu. Verslun verður opin mótisdagana þar sem kaupa má minjagrip, matvæli, hreinlætisvörur, útlífsvörur og helstu nauðsynjar. Kaffihús verður opið á kvöldin þar sem tulla má sér niður yfir kaffi eða kakóbolli og meðlæti. Simasjálfsalar verða þáttakendum til

reiðu ef hringja þarf heim.

#### Álfar og Tröll

Við trúum því að tvær þjóðir byggja Ísland. Annars vegar við mannfólkið og hins vegar fjöldi fyrirbæra sem oft eru nefnd álfar og tröll sem stundum eru svo lík mannfólkinu að ógerningur er að greina á milli. Við í Víffi förum með stóran hóp og reynum að greina á milli.

#### Hulduheimar að Hömrum



Að Hömrum eru skátar í samvinnu við Akureyrabæ að byggja upp Útlífis- og umhverfismiðstöð. Staðurinn er m.a. skipulagður með það fyrir augum að hægt verði að halda þar skátamót líkt og landsmót skáta, en einnig er þar gert ráð fyrir því að almenningur geti komið og nýtt sér aðstöðuna við iðkun útivistar.

Mikil uppbygging hefur átt sér staðnum á síðustu tveimur árum, en fyrsti áfangi í uppbyggingunni var opnaður formlega með skátamóti sumarið 2000. Til stendur að næsti áfangi verði formlega tekinn í notkun á landsmótnu.

#### Kemur þú í fjölskyldubúðir ?



# Myndir úr starfi Vífils



*Sælgis- og videohallin*



**Garðatorgi**  
S: 565 6677

**Sérverslun með**  
*dömuundirföt, náttföt, bómuullarnærföt o.fl.*

*Verið velkomin!*  
*Opíð 12-18 tíka daga*  
*Laugardaga 12-16*

**Draumadísir**  
*Garðatorgi 7,*  
*Nýja tenging við Klukkubarninn.*  
*Sími 553-7070*



*Ör & Þjárn* KEYTIR ELLER  
EIGNER

GLÆNLEG SKERTGREPA- OG GJAFVÖRUBVERSLUN  
Á GARÐATORGI 7, VIÐ „KLUKKUBARNINN“

ÖR & ÞJÁRN • GARÐATORG 7 • GARÐABÆR • Sími 565 9995 • Fax 565 9977



**GH HEILDVERSLUN HF.**

Garðatorg 7 - P.oBox 1 - 210 Garðabær  
S: 565 6560 & 565 7060 - Fax:565 6110



**BÚÐIN**

**Kvenfatnaður**  
SKINY nærföt og bolir  
*HH búðin Garðatorgi S:565 6550*

**GARÐATORG**  
**EIGNAMIDLUN**

Garðatorg 7 - 210 Garðabæ - 545 0800  
Pórhallur Guðjónsson - Gsm 896 8232  
Sigurður Tyrfingsson - Gsm 898 3708  
Guðmundína Ragnarsdóttir - Gsm 866 4366

**Garðatorg**



Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð

**Zeppelin arkitektar**

Garðatorgi 7  
S: 553-3640

# Góð leið til að gleðja á lífsins stóru stundum



- gefðu gjafabréf

